

3. gr.

Reglur þessar eru settar skv. heimild í lögum nr. 24/1970, um æskulýðsmál, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 9. júlí 1970.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

11. ágúst 1970.

Nr. 136.

AUGLÝSING

um leyfi til síldveiða fyrir Suður- og Vesturlandi til niðursuðu og beitu.

Að fengnu álití Hafrannsóknastofnunarinnar, Fiskifélags Íslands og Beitunefndar og samkvæmt reglugerð nr. 13 9. janúar 1970 um breytingu á reglugerð nr. 7 22. febrúar 1966 um bann við veiði smásildar, hefur ráðuneytið ákveðið að leyfa frá og með 16. ágúst næstkomandi, þar til öðru vísi verður ákveðið, veiði síldar fyrir Suður- og Vesturlandi til niðursuðu og beitu, þrátt fyrir veiðibann samkvæmt ákvæðum reglugerðarinnar. Þó er óheimilt að veiða í þessu skyni meira en 5 þúsund smálestir síldar alls meðan veiðibannið varir að meðtöldu því aflamagni, sem þegar hefur verið landað á árinu 1970. Verður auglýst um stöðvun veiðanna, þegar leyfilegu síldarmagni hefur verið landað. Ekki þarf að sækja um sérstök leyfi til þessara veiða. Fiskmati ríkisins hefur verið falið að fylgjast með því, að síld sú sem veiðist, verði öll nýtt til niðursuðu og beitu.

Starfsmönnum Hafrannsóknastofnunarinnar skal heimilt að taka sýnishorn úr aflanum.

Áthygli skal vakin á því, að lágmarksstærð síldar, sem leyfilegt er að veiða, er sem fyrr 25 cm.

Sjávarútvegsráðuneytið, 11. ágúst 1970.

Eggert G. Þorsteinsson.

Jón L. Arnalds.

5. ágúst 1970.

Nr. 137.

REGLUGERÐ

um eftirlitsgjald lyfjabúða fyrir árið 1970.

1. gr.

Gjald það, sem lyfsölum ber að greiða fyrir árið 1970, vegna eftirlits með lyfjabúðum samkvæmt 47. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963 skal vera sem hér segir:

I. flokkur	kr. 15 000.00
II. flokkur	— 12 000.00
III. flokkur	— 9 000.00
IV. flokkur	— 6 000.00
V. flokkur	— 3 000.00